



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið**  
**Skuggasundi 1**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 23. september 2014

### **Efni: Friðlýsing Lundeyjar**

Fuglavernd fékk ábendingu frá Reykjavíkurborg um að Lundey tilheyrði ríkinu þegar við sendum þeim hvatningu og beiðni dagsetta 10.febrúar síðastliðinn um að friðlýsa Akurey og Lundey. Reykjavíkurborg hefur sett Akurey í friðlýsingarferli.

Vegna ábendingar Reykjavíkurborgar um að Lundey væri í ríkiseign óskar Fuglavernd eftir því að ráðuneytið beiti sér fyrir friðlýsingu Lundeyjar. Lundey er lítil eyja í landi Reykjavíkur, sem fósttar ríkulegt fuglalíf og þar er til að mynda annað af tveim lundavörpum í borgarlandinu. Lundey hefur mikið gildi fyrir ferðamennsku og er siglt þangað með þúsundir ferðamanna ár hvert til að skoða lunda. Lundinn hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum á Suður- og Vesturlandi vegna fæðuskorts og er því full ástæða til að friðlýsa eyjuna vegna hans. Með friðlýsingu verði komið í veg fyrir alla lundaveiði í eyjunni, hún fer ekki saman við ferðamennsku og á ekki að eiga sér stað á svæðum þar sem afkoma lundans er léleg. Aðrir fuglar í eyjunni eru m.a. fýll, kría og teista.

F.h. Fuglaverndar

---

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður

---

Hólmfríður Arnardóttir, frkvstj.

Afrit sendist til  
Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík